

Ed.

276. Breytingartillaga

[107. mál]

við frv. til l. um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Á eftir 12. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Allar útgerðir fiskibáta, sem lög þessi taka til, skulu eiga rétt á erlendum gjald-
eyri, sem nemur $\frac{1}{4}$ hluta af aflaverðmæti því, sem viðkomandi útgerð hefur aflað
á árinu 1949, miðað við gildandi innanlandsverð aflans.

Gjaldeyrisleyfi samkvæmt þessu, sem jafnframt skulu vera innflutningsleyfi,
skal veita ársfjórðungslega, miðað við innlagðan afla á næsta ársfjórðungi á undan.

Heimilt er að hagnýta gjaldeyri þennan til kaupa á hvers konar útgerðarnauð-
synjum.